

Innköllun á Graflax frá Ópal sjávarfang

Við nýlegar örverumælingar, hafa komið fram hærri gildi af örverunni „Listeria Monocytogenes“, í graflaxi, en leyfilegt er í matvælum samkvæmt þeim viðmiðum sem sett hafa verið í reglugerðum. Þessi örvera getur verið hættuleg heilsu fólks með skert ónæmiskerfi nái hún að fjölga sér.

Til að tryggja hag neytenda, eins og kostur er, þá innkallar Ópal Sjávarfang ehf, allan Graflax frá neytendum og það sem kann að vera til sölu í verslunum verður tekið af markaði. Er þá bæði átt við graflaxbita, hálf og/eða heilflök og graflaxsneiðar. Þessi innköllun tekur til allra lotunúmera á Graflax frá Ópal Sjávarfang sem eru á markaði, síðasti notkunardagur í janúar eða febrúar.

Þeir sem eiga graflax frá því í desember eða janúar í frysti hjá sér, eru einnig beiðnir um að hafa samband og skila honum og fá endurgreiðslu.

Vinsamlegast hafið samband við 517 66 30,- eða í e-mail opal@opal.is til að fá leiðbeiningar og til að tryggja endurgreiðslu.

Vöruheiti	Strikamerki	Mynd af afurðunum
Ópal Graflaxbiti	23 273 28 0000 V	
Ópal Graflaxsneiðar	5 694230 101689	

Vöruheiti: Ópal Graflaxbiti og flök

Ópal Grafnar laxasneiðar

Framleiðandi: Ópal Sjávarfang ehf, Grandatröð 4, 220 Hafnarfjörður.

Dreifingaraðilar:

- Verslanir 10-11
- Verslanir Hagkaupa
- Verslanir Nettó/Kjörbúðin og Krambúðin
- Melabúðin
- Verslanir Iceland
- Verslunin Kvosin